

**Ed.**

**388. Frumvarp til laga**

[185. mál]

um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Helgi F. Seljan.

**1. gr.**

Austur-Skaftafellssýsla skal vera sérstakt lögsagnarumdæmi.

**2. gr.**

Lögreglustjóri Hafnarhrepps verður sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu.

Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum sýslumönnum eru falin í umdæmunum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin. Jafnframt breytist embættisheiti sýslumannsins í Skaftafellssýslu í samræmi við hina breyttu skipan lögsagnarumdæma.

**3. gr.**

Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim við núverandi embætti sýslumannsins í Skaftafellssýslu, sem varða hagsmuni Austur-Skaftafellssýslu og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsembættanna.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 13. apríl 1973, um lögreglustjóra í Hafnarhreppi.

**Greinargerð.**

Íbúar Austur-Skaftafellssýslu hafa um langt skeið óskað eftir því að sérstakur sýslumaður sé starfandi í sýslunni. Með auknum fólksfjölda kom sífellt betur í ljós, að sýslumaður Skaftafellssýslu í Vík hafði ekki möguleika til að veita viðhlítandi þjónustu vegna mikillar fjarlægðar og farartálma, þrátt fyrir góðan vilja.

Ýmsar leiðir voru athugaðar til úrbóta, og var niðurstaðan sú að stofnað var embætti lögreglustjóra í Hafnarhreppi með l. nr. 15 13. apríl 1973. Með þessu móti færðist mestur hluti verkefna sýslumanns í Skaftafellssýslu fyrir íbúa Hafnarhrepps vfir til lögreglustjóraembættisins á Höfn. Lögreglustjóraembættið hefur einnig á höndum ýmsa starfsemi sem varðar aðra breppa í Skaftafellssýslu, þ. e. Bæjarbrepp, Nesjahrepp, Mýrahrepp, Borgarhafnarhrepp og Hofshrepp. Þar má nefna umboð almannatrygginga í sýslunni, umboð sýslusamlags, verulegan hluta innheimtu ríkissjóðs, dómgaeslu í opinberum málum, löggæslu o. fl. Hins vegar eru veðmálabækur og bifreiðaskráningar í höndum sýslumanns Skaftafellssýslu í Vík.

Íbúar Austur-Skaftafellssýslu sækja alla sína verslun til Hafnar. Þar eru allar þjónustumiðstöðvar héraðsins, banki, kaupfélag, elli- og hjúkrunarheimili og heilsgæslustöð er að rísa. Sameiginlegt menntasetur sveitahreppanna fimm er í nágrenni Hafnar. Austur-Skaftafellssýsla er því ein félagsleg heild. Flestir þræðir liggja til miðstöðvarinnar á Höfn og því er erfitt og illgerlegt vegna fjarlægðar að sækja þjónustu til Víkur sem er í 300 km fjarlægð frá Höfn.

Eftir að lögreglustjóraembættið var stofnað á Höfn hefur þróun verið í þá átt, að íbúar Austur-Skaftafellssýslu leita æ meir til embættisins, en hins vegar er verulegt óhagræði að þar skuli ekki unnt að veita alla þjónustu sem sýslumannsembætti veita.

Ekki er talið að umtalsverður kostnaðarauki verði að breytingu þessari og er því svo komið, að hér er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða.